

Málavog fyrir barnaverndarnefndir

Í Gautaborg hefur verið þróuð aðferð til að mæla vinnuálag í barnavernd. Mælingin skráir vinnuálag hjá hverjum starfsmanni fyrir sig þannig að yfirmenn fái betri yfirsýn yfir stöðuna á vinnustaðnum og á breytingum yfir tíma. Aðferðin mælir vinnuálag, en er ekki mælikvarði á gæði vinnunnar. Aðferðin hefur verið prófuð í ýmsum sveitarfélögum í Svíþjóð og reynst vel. Barnaverndarstofa hefur undanfarið verið að þýða og staðfæra þessa sænsku aðferð. Það hefur verið gert með aðstoð aðila í Svíþjóð og með því að starfsmaður Barnaverndarstofu hefur prófað aðferðina hjá nokkrum barnaverndarnefndum. Við teljum að hér sé komin aðferð sem barnaverndarnefndir geti nýtt til að mæla vinnuálag sem gefi betri mynd af umfangi vinnunnar en með því að skoða aðeins mála fjölda og fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda. Tækið gefur einnig möguleika á því að skoða þróun yfir tíma bæði hjá einstökum starfsmönnum og á vinnustaðnum í heild. Til að fá rétta mynd af stöðunni er gerð mæling t.d. 4 x á ári (sumar nefndir mæla 1 x í mán.) og til þess að gæta samræmis er mælt til þess að sami aðili framkvæmi mælinguna t.d. yfirmaður á vinnustað. Mæling er gerð í samtali milli starfsmanns og yfirmanns hans. Gera skal ráð fyrir ca 30 mínútum með hverjum starfsmanni þó að matið sjálft eigi ekki að taka meira en ca. 10 mínútur. Gott er að gefa starfsmanni svigrúm til að ræða hvernig hann upplifir vinnuumhverfi sitt. Málavogin hefur verið í stöðugri endurskoðun, síðast í mars 2018 eftir samráð við barnaverndarnefndir sem hafa verið að nota mælitækið.

Skref 1

Í upphafi skal starfsmaður leggja mat á vinnuumhverfi sitt, áður en farið er yfir málin sem starfsmaður ber ábyrgð á. Notast er við skalann 1-5

1. Allt of lítið að gera
2. Of lítið að gera
3. Mátulega mikið að gera
4. Of mikið að gera
5. Allt of mikið að gera

Þá skal hafa eftirfarandi í huga:

1. Hversu mikla yfirvinnu vinnur starfsmaðurinn?
2. Nær starfsmaður að sinna sínum málum á vinnutíma, eða eykst yfirvinna í takt við aukið álag í vinnu?
3. Hvernig gengur að halda tímamörk í könnunum og við eftirfylgd í málum?
4. Mála fjölda
5. Er starfsmaður að sinna bakvöktum

Skref 2

Starfsmaður og yfirmaður leggja í sameiningu mat á málin sem starfsmaður ber ábyrgð á. Meta skal hvert mál út frá stöðu málsins í dag. Velja skal þá aðgerð í málinu sem gefur flest stig.

Skref 3

Aðilar fara yfir og ræða vinnuálag og mögulega er gerð áætlun með starfsmanninum.

Annað sem þarf að hafa í huga:

Telja skal öll mál sem starfsmaður hefur fengið úthlutað, einnig kannanir sem ekki er byrjað á. Ekki skal telja stig hjá starfsmanni sem hefur unnið skemur en þrjá mánuði.

Stigagjöf

Könnun	Stig
1. Könnun máls: <u>Frá úthlutun máls til greinargerðar um niðurstöðu könnunar.</u> Kannanir þar sem ákveðir er að boða málsaðila (foreldri og stundum barn) í eitt viðtal þar sem viðkomandi er veittur stuðningur og/eða þeim leiðbeint í annað úrræði t.d. til félagsþjónustu hjá þjónustumiðstöð. Ætti að vera í algjörum undantekningartilvikum þar sem málsmeðferð við könnun mála gerir ráð fyrir því að upplýsingum sé aflað frá fleirum en aðeins þeim aðila sem tilkynnt er um.	1
2. Könnun máls <u>Frá úthlutun máls til greinargerðar um niðurstöðu könnunar.</u> Hefðbundin könnun þar sem talað er við foreldri/foreldra og barn, ásamt því að fengnar eru upplýsingar úr umhverfi barnsins s.s. skóla, heilsugæslu og lögreglu, hér gæti verið við hæfi að nota ESTER skimanir og í einhverjum tilvikum ESTER mat.	6
3. Könnun máls <u>Frá úthlutun máls til greinargerðar um niðurstöðu könnunar.</u> Umfangsmikil könnun þar sem um mjög flókin mál er að ræða sem þarfnast mikillar og ýtarlegrar skoðunar og væri við hæfi að notast við gagnreynd matstæki t.d. ESTER mat.	8
4. Könnun í málum systkina sem búa á sama stað. (Full stigagjöf fyrir fyrsta barn og þar eftir 4/6 stig fyrir hvert systkini).	4/6
Áætlun eftir könnun	
Umsóknir	
5. Umsókn um stuðningsúrræði án töku barns af heimili t.d. stuðningsfjölskyldu, Barnahús, stuðningsviðtöl, persónulegann ráðgjafa, SÓK, PMTO, fjölskyldumeðferð ofl. Einnig umsóknir fyrir foreldra eða þungaðar konur um aðstoð einnig vinna við að flytja mál.	4
6. Umsóknir/beiðnir um úrræði með samþykki aðila (Stuðlar, meðferðarheimili, MST, fóstur, 84. gr. vistun og fl.). Einnig vinna vegna ættleiðinga, úttekta á heimilum t.d. stuðningsfj. og úttektir á fósturheimilum fyrir Barnaverndarstofu. Einnig umsagnir vegna umgengni í varanlegu fóstri.	10
7. Umsóknir/beiðnir um úrræði utan heimilis <u>án samþykkis aðila</u> (Stuðlar, meðferðarheimili, fóstur, 84. gr. vistun og fl.). Einnig ef aðilar draga samþykki sitt til baka eftir að vistun er hafin. (Hér er átt við tímabilið frá umsókn um úrræði þar til mál er tekið fyrir hjá bvn. eða dómstólum).	20
8. Umsóknir skv. 6 og 7 lið gefur fulla stigagjöf fyrir fyrsta barn og þar eftir 8/15 stig fyrir hvert systkini.	8/15
Eftirfylgd máls skv. meðferðaráætlun	
9. Stuðningsúrræði án töku barns af heimili t.d. stuðningsfjölskylda, Barnahús, stuðningsviðtöl, persónulegur ráðgjafa, SÓK, PMTO, fjölskyldumeðferð ofl. Einnig eftirfylgd í úrræðum fyrir foreldra eða þungaðar konur. Allt að tvö úrræði.	4
10. Stuðningsúrræði án töku barns af heimili t.d. stuðningsfjölskylda, Barnahús, stuðningsviðtöl, persónulegur ráðgjafa, SÓK, PMTO, fjölskyldumeðferð ofl. Einnig eftirfylgd í úrræðum fyrir foreldra eða þungaðar konur. Fleiri en tvö úrræði.	6
11. Umfangsmikil meðferðaráætlun án töku barns af heimili. Flókin og erfið mál, mörg úrræði/aðilar sem koma að málinu.	8
12. Meðferð á heimili barns t.d. MST eða önnur meðferð.	6
13. Vistun á heimili: 84. gr. vistun hjá ættingjum eða öðrum, vistheimili, sambyli, einkaheimili, umsjársamningur ofl.	8
14. Barn á stofnun (þ.m.t. lokuð deild Stuðla) eða barn að fara á stofnun eða í styrkt fóstur.	12
15. Barn í tímabundnu fóstri.	10
16. A: Barn í varanlegu fóstri og aðili 18-20 ára í vistun skv.3. gr. bvl. B: Barn í varanlegu fóstri, frekari stuðningur eða vinna vegna sérstakra aðstæðna.	3 6
Staðsetning utan sveitarfélags (eða utan höfuðborgarsvæðis fyrir nefndir á því svæði) eða vinnsla málsins krefst ferðalags amk. 2-3 klst.	+ 2
Annað	
Vinna með öðrum málastjóra.	3

Æskilegan stigafjöldi skv. sænsku aðferðinni má sjá hér að neðan. Þar má m.a. sjá að fyrir málstjóra með meira en 5 ára starfsreynslu í fulli starfi eru 150 stig æskilegur stigafjöldi skv. þeirra viðmiðum. Til þess að sjá hvort þau viðmið passi við íslenskt umhverfi barnaverndarstarfsmanna má ætla að rétt væri að prufa aðferðina frekar, mæla reglulega og bera saman við mat starfsmanna á álagi. Taka skal fram að í þessar útgáfu eru valmöguleikar fleiri en í þeirri sænsku.

Æskilegur stigafjöldi ráðgjafa:

- Ráðgjafi með meira en 5 ára starfsreynslu
100% vinna = 150 stig 80% vinna = 120 stig
- Ráðgjafi með 3-5 ára starfsreynslu
100% vinna = 138 stig 80% vinna = 112 stig
- Ráðgjafi með 1-2 ára starfsreynslu
100% vinna = 126 stig 80% vinna = 100 stig
- Ráðgjafi nýútskrifaður með 0-1 ára starfsreynslu
100% vinna = 120 stig 80% vinna = 96 stig

NÝTT Skema fyrir stigagjöf ráðgjafa (Dæmi)

	Ráðgjafi	Æskilegur stigafjöldi	mæling	Tilfinning starfsmanns fyrir álagi (1-5)	Kannanir sem bíða	Málum sem þarf að loka	Málafjöldi	Annað
1	xx	150	150	3	2	0	20	
2								
3								
4								

ELDRA Skema fyrir stigagjöf ráðgjafa (Dæmi)

	Ráðgjafi	Æskilegur stigafjöldi	mars.	júní	sept.	des.	Samtals (meðaltal)	Tilfinning starfsmanns fyrir álagi (1-5)	Kannanir sem bíða
1	xx	150	170	152	142		155	4	0
2									
3									

	Mikið undir, meira en 20 stig
	Undir, meira en 5 stig
	OK +/- 5 stig
	Yfir 5-20 stig
	Mikið yfir, meira en 20 stig
	Allt of mikið yfir meira en 40 stig

